



Fasteignaálagning Skorradalshrepps árið 2024

Skýringar á álagningu fasteignagjalda og almennar tilkynningar. **(Álagningarseðlar eru inn á island.is)**

1. Fasteignaskattur

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4, 30 janúar 1995 og breytingum á þeim lögum, en þar segir meðal annars:

“Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári, sbr. þó 5. gr. Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Skatturinn skal vera sem hér segir:

a. Allt að 0,5% af álagningarstofni:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b. Allt að 1,32% af álagningarstofni:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavistir, leikskóla, íþróttahús og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

c. Allt að 1,32% af álagningarstofni:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum staflíðum.”

Sveitarstjórn ákvað á fundi 14. desember 2023 að skattprósentur A og C-flokks verði óbreyttar og eftirfarandi: Í A-flokk 0,45% og í C-flokk 1,28% skatthlutfall.

2. Sorpgjald:, samkv. gjaldskrá nr. 352/2023

Sorpgjald ákvarðast af sveitarstjórn.

Sorpgjald 1 33.000 kr.

Lögbýli með búskap, tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi.

Sorpgjald 2 28.000 kr.

Lögbýli án búskapar, íbúðir.

Sorpgjald 3 16.500 kr.

Frístundahús, fullgerð eða í byggingu samkvæmt HMS.

Járna- og timburgámar eru staðsettir á milli Indriðastaða og Mófellsstaða. Vinsamlegast setjið ekki þessháttar úrgang í lokuðu grænu gámanna, en þeir eru aðeins fyrir heimilisúrgang.

3. Gjald fyrir rotþróarhreinsun:, samkv. gjaldskrá nr. 351/2023, uppreiknað miðað við 1. janúar 2024.

Rotþróargjald 17.347 kr.

Rotþró minni en 6000 lítra.

(Árið 2024 er innheimt 50% af gjaldinu vegna leiðréttingar á innheimtu. Sjá fundargerð hreppsnefndar 24. apríl 2024)

Vísast annars í gjaldskrá um stærri rotþrær og eins með aukalosanir

Lagt rotþróargjald á allar byggingar sem eru tengdar rotþró. Losað er 3 ára fresti, en svæðaskipt. Álagt rotþróargjald ársins er 1/3 af kostnaði við tæmingu á rotþró.

Hægt er að sjá hvenær rotþró var tæmd með að fara inn á kortavefsjá.

<https://www.map.is/skorradalur/> - Haka síðan við veitur í valglugga þar.

Hægt að fá árlega losun, þar sem mikil notkun er s.s. félagabústaði, en þá margfaldast rotþróargjaldið með þremur. Beiðni um slíkt skal senda á skorradalur@skorradalur.is

Ef athugasemdir eru varðandi álagningu fasteignagjalda, þá sendast þær skriflegar til Skorradalshrepps.

Ef athugasemdir eru varðandi fasteignir eða matshluta, þá sendast þær til byggingafulltrúa Skorradalshrepps, Hvanneyrarbraut 3, 311 Borgarnes. S: 431-1020, netfang: bygg@skorradalur.is

Innheimta:

Ef heildarálagning gjalda er undir kr. 60.000,- er einn gjalddagi, annars þrír.

Búið er að stofna innheimtukröfu/kröfur í heimbanka vegna gjaldadaganna. Greiðsluseðlar eru finnast undir rafrænum skjölum í heimbanka. Greiðslubanki er 0326. Ekki verða sendir út greiðsluseðlar en hægt að prenta út álagningarseðil á island.is og fara með hann í banka.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga!

Eftir eindaga verður innheimtan sent Motus til innheimtu, og bætast við ítrekunargjöld samkvæmt gjaldskrá.

Einnig er minnt á heimasíðu Skorradalshrepps www.skorradalur.is